



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um skipulag á skrifstofum stoðþjónustu

Á fundi velferðarráðs þann 20. október 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um skipulag á skrifstofum stoðþjónustu:

Lagt er til að velferðarráð samþykki nánari útfærslu á þeim skipulagsbreytingum sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 8. júní sl. og í borgarráði 10 júní sl., eins og að neðan er lýst. Kostnaði vegna breytinganna verður mætt með tilfærslu verkefna og fjárheimilda innan velferðarsviðs. Á skrifstofu velferðarsviðs verði eftirfarandi breytingar á skrifstofum er veita stoðþjónustu:

1. Á Skrifstofu sviðsstjóra og lögfræðiþjónustu verða eftirfarandi breytingar:
 - a. Skrifstofu sviðsstjóra og lögfræðiþjónustu verði sameinaðar undir heitinu skrifstofa stjórnsýslu. Jafnframt flytjast starfsmenn rafræns þjónustuteymis frá skrifstofu sviðsstjóra á rafræna þjónustumiðstöð auk þess að verkefni skjalamála og gæðastjórnunar munu tilheyra miðstöðinni.
2. Á skrifstofu fjármála og reksturs verða eftirfarandi breytingar:
 - a. Skrifstofan mun annast yfirumsjón húsnæðismála, s.s. þarfagreiningu vegna fjárfestingaáætlunar, yfirsýn yfir félagslegt leiguhúsnæði m.a. biðlistatölur, þarfagreiningar og uppbyggingaráætlanir. Yfirsýn og undirbúningur í samstarfi við hluteigandi stjórnendur og FÁST vegna kaupa/leigu á nýju húsnæði fyrir velferðarsvið og samskipti við Félagsbústaði.
 - b. Skrifstofan fær einnig aukið hlutverk gagnvart rekstri þjónustumiðstöðva og undirstofnana þeirra s.s. að auka gæðastýringu, kostnaðareftirlit og þróa nýjar leiðir til að nýta ávallt bestu aðferðir og tækni til að ná sem mestum árangri. Innra eftirlit verður eflt og vinnubrögð samræmd og stöðluð á milli þjónustumiðstöðva. Teymisvinna mannauðs- og fjármála verður aukin og má þar nefna Betri vinnutíma í vaktavinnu.

3. Á skrifstofu mannauðs verða eftirtaldar breytingar:

- a. Mannauðsþjónusta verður eflid úti í hverfum og munu þrír mannauðsráðgjafar flytjast á þjónustumiðstöðvar frá 1. janúar næstkomandi en nú þegar er mannauðsráðgjafi starfandi á þjónustumiðstöð Breiðholts. Stöðugildi munu tilheyrja mannauðsþjónustu velferðarsviðs en verða staðsett á þjónustumiðstöðvum. Mannauðsráðgjafar verða með viðveru á öllum þjónustumiðstöðvum í hverfum til að tryggja betra aðgengi stjórnenda og starfsfólks að mannauðsráðgjafa, móttaka nýrra stjórnenda verður eflid, verkferlar í mannauðsmálum verða gerðir sýnilegri og aðgengilegri stjórnendum.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillagan var samþykkt. Fulltrúi Flokks fólksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Tillagan er hér með send borgarráði til kynningar, ásamt samþykkt velferðarráðs.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um skipulag á skrifstofum stoðþjónustu, lögð fyrir fund velferðarráðs 20. október 2021.



Lagt fyrir 411. fund velferðarráðs 20. október 2021
VEL2021100017
RÁ/ds

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Skipulag á skrifstofum stoðþjónustu

Lagt er til að velferðarráð samþykki nánari útfærslu á þeim skipulagsbreytingum sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 8. júní sl. og í borgarráði 10 júní sl., eins og að neðan er lýst. Kostnaði vegna breytinganna verður mætt með tilfærslu verkefna og fjárheimilda innan velferðarsviðs. Á skrifstofu velferðarsviðs verði eftirfarandi breytingar á skrifstofum er veita stoðþjónustu:

1. Á Skrifstofu sviðsstjóra og lögfræðiþjónustu verða eftirfarandi breytingar:
 - a. Skrifstofu sviðsstjóra og lögfræðiþjónustu verði sameinaðar undir heitinu skrifstofa stjórnáætlunar. Jafnframt flytjast starfsmenn rafræns þjónustuteymis frá skrifstofu sviðsstjóra á rafræna þjónustumiðstöð auk þess að verkefni skjalamála og gæðastjórnunar munu tilheyra miðstöðinni.
2. Á skrifstofu fjármála og reksturs verða eftirfarandi breytingar:
 - a. Skrifstofan mun annast yfirumsjón húsnæðismála, s.s. þarfagreiningu vegna fjárfestingaáætlunar, yfirsýn yfir félagslegt leiguhúsnæði m.a. biðlistatölur, þarfagreiningar og uppbyggingaráætlanir. Yfirsýn og undirbúningur í samstarfi við hluteigandi stjórnendur og FÁST vegna kaupa/leigu á nýju húsnæði fyrir velferðarsvið og samskipti við Félagsbústaði.
 - b. Skrifstofan fær einnig aukið hlutverk gagnvart rekstri þjónustumiðstöðva og undirstofnana þeirra s.s. að auka gæðastýringu, kostnaðareftirlit og þróa nýjar leiðir til að nýta ávallt bestu aðferðir og tækni til að ná sem mestum árangri. Innra eftirlit verður eflt og vinnubrögð samræmd og stöðluð á milli þjónustumiðstöðva. Teymisvinna mannauðs- og fjármála verður aukin og má þar nefna Betri vinnutíma í vaktavinnu.
3. Á skrifstofu mannauðs verða eftirtaldir breytingar:

- a. Mannauðsþjónusta verður eflð úti í hverfum og munu þrjú mannauðsráðgjafar flytjast á þjónustumiðstöðvar frá 1. janúar næstkomandi en nú þegar er mannauðsráðgjafi starfandi á þjónustumiðstöð Breiðholts. Stöðugildi munu tilheyra mannauðsþjónustu velferðarsviðs en verða staðsett á þjónustumiðstöðvum. Mannauðsráðgjafar verða með viðveru á öllum þjónustumiðstöðvum í hverfum til að tryggja betra aðgengi stjórnenda og starfsfólks að mannauðsráðgjafa, móttaka nýrra stjórnenda verður eflð, verkferlar í mannauðsmálum verða gerðir sýnilegri og aðgengilegri stjórnendum.

Greinargerð:

Með tillögu sem samþykkt var í velferðarráði 8. júní og borgarráði 10. júní sl. var ákveðið að efla hlutverk stoðþjónustu á skrifstofu velferðarsviðs. Boðað var að tillögur að slíku fyrirkomulagi yrðu lagðar fyrir velferðarráð síðar á árinu.

Tilgangur breytinganna er að efla hlutverk skrifstofanna á skrifstofu velferðarsviðs sem veita stoðþjónustu á velferðarsviði með það að markmiði að auka þjónustu við stjórnendur á vettvangi. Sérstaklega er horft til mannauðs og fjármála til að auka gæðastýringu og kostnaðareftirlit. Nauðsynlegt er að tryggja að fjármálaskrifstofa velferðarsviðs hafi tök á að sinna mikilvægum verkefnum, s.s. samskiptum við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ráðuneyti varðandi stóra málaflokka, s.s. á sviði málefna fatlaðs fólks en mismunurinn á kostnaði vegna þjónustu við fatlað fólk og framlag ríkisins eykst stöðugt. Annað mikilvægt verkefni er innleiðing verkefnastjórnunar og verkbókhalds á þjónustumiðstöðvum til að tryggja að velferðarsvið sé ávallt að endurskoða og bæta góða þjónustuferla. Loks þarf að tryggja samræmi í þjónustuveitingu og mati á umsóknum á milli hverfa og mun fjármálaskrifstofa gegna lykilhlutverki þar í samvinnu við fagskrifstofur. Það þarf einnig að styrkja stuðning við stjórnendur í nærumhverfi í mannauðsmálum en á sviðinu starfa einungis átta mannauðsráðgjafar í 7,5 stöðugildum í starfsemi með ríflega 3.200 starfsmönnum. Auknar kröfur til sviðsins á sviði gæða- og eftirlitsmála og aukin umsvif meðal annars með uppbyggingaráætlun í húsnæði fyrir fatlað fólk kallar á fjölgun í þessum mikilvægu stöðeiningum.

Fylgiskjal:

Skipurit velferðarsviðs



Skiptur velferðarsviðs

